
EINKALEYFA- OG VÖRUMERKJASKRÁ

Lindargötu 9 — 150 Reykjavík — Sími (91) 60 9450

Patent- and Trademark Office — Ministry for Industry — Lindargötu 9 — IS-150 Reykjavík - Iceland

Tilv. vor	Dags.
Our ref.	Date
430-89/566	10. júní 1991

Sigurjónsson & Thor h.f.
Óðinsgötu 4
101 Reykjavík

MÁL:

Andmæli Björns Árnasonar, f.h. Gist-brocades nv., Wateringsweg 1, 2611 XT Delft, Hollandi.

gegn

skráningu vörumerkisins CONVALINE sbr. umsókn nr. 56/1989, frá Sigurjónsson & Thor h.f. f.h. E.R. Squibb & Sons, Inc., Lawrenceville-Princeton Road, Princeton, New Jersey, Bandaríkjunum.

ÁKVÖRDUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA

Málsatvik:

Hinn 21. júlí 1989 tilkynnti Sigurjónsson & Thor h.f. til skráningar vörumerkið CONVALINE í nafni E.R. Squibb & Sons, Inc., Lawrenceville-Princeton Road, Princeton, New Jersey, Bandaríkjunum. Umsóknin er nr. 566/1989. Óskað var skráningar fyrir "sárabindi og sáraumbúðir til nota við lækningar og skurðlækningar og lyktareyði" í 5. flokk og í 10. flokk fyrir "lækninga- og skurðlækningatæki m.a. til stómaaðgerða og fyrir stómasjúklinga og tæki fyrir þvaglekasjúklinga". Vörumerkið var samþykkt til skráningar og birt í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum þann 30. ágúst 1989.

Með bréfi dags. 27. október 1989 andmælti Björn Árnason, f.h. Gist-brocades nv., Wateringsweg 1, 2611 XT Delft, Hollandi, skráningu vörumerkisins. Andmælin eru byggð á því að hér er skráð vörumerkið CONDYLINE nr. 35/1986 fyrir vörur í 5. flokki, í eigu andmælanda. Andmælandi telur að vörumerkin CONDYLINE og CONVALINE séu það lík að ruglingshættu valdi.

Með bréfi dags. 22. desember 1989 svarar tilkynnandi andmælunum. Tilkynnandi telur að vörumerkin séu svo ólík í framburði að ekki sé um ruglingshættu að ræða. Ennfremur telur tilkynnandi að vörulíking sé ekki til staðar og bendir á

mismunandi vörutegundir vörumerkjaskráningar nr. 35/1986 og vörumerkja-
umóknar nr. 566/1989.

NIDURSTAÐA:

Andmæli eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins CONVALINE fyrir vörur í 5. og 10. flokki skv. umsókn nr. 566/1989. Andmælandi er eigandi vörumerkisins CONDYLINE, skráning nr. 35/1986 sem skráð er fyrir lyf, lyfjaefni og meðul fyrir menn, í 5. flokki.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, skal eigi telja vörumerki svo lík hvert öðru, að hætta sé á þeim, nema þau nái til sömu vöru eða vöru svipaðrar tegundar. Þegar meta skal hvort vörulíking sé til staðar er m.a. litið til þess hvort vörur sem merkin gilda fyrir séu boðnar til sölu á sama stað, hvort þær séu notaðar við svipuð störf og eða í svipuðum tilgangi. Það sem úrslitum ræður er hvort neytendur telji að vörurnar séu frá sama framleiðanda.

Vörulíking er talin vera til staðar milli umsóknar nr. 566/1989 og vörumerkja-skráningar nr. 35/1986.

Merkin CONVALINE og CONDYLINE teljast svo lík hvað varðar framburð og stafsetningu að hætta er á að villst verði á þeim.

ÞVÍ ÁKVARÐAST:

Skráning merkisins CONVALINE skv. umsókn nr. 566/1989 er hafnað.

Vörumerkjaskrárritarinn,

e.u.

Ásta Valdimarsdóttir

Afrit sent til:

Björns Árnasonar

Pósthólf 1552

121 Reykjavík